



LÁNSSAMNINGUR

nr. 2305_24

milli

Lánasjóðs sveitarfélaga
sem lánveitanda

og

Mosfellsbæjar
sem lántaka

EFNISYFIRLIT

1. SAMNINGSAÐILAR.....	3
2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN.....	3
3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA.....	3
4. VEXTIR.....	3
5. TRYGGINGAR – VEÐYFIRLÝSING.....	4
6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA.....	4
7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN.....	4
8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR.....	5
9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR.....	5
10. TILKYNNINGAR.....	6
11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU.....	6
12. FORCE MAJEURE.....	7
13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM.....	7
14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA.....	7
15. LÖG OG VARNARÞING.....	7
16. ÖNNUR ÁKVÆÐI.....	8
Viðauki I.....	9
Viðauki II.....	10

1. SAMNINGSAÐILAR

Lántaki: Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Lánveitandi: Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, Reykjavík.

2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN

- 2.1. Lántaki lofar að taka að láni og lánveitandi lofar að lána íslenskar krónur 500.000.000 – fimmhundruðmilljónir- til 16 ára. Fjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í maí 2023 sem er 580,7 stig.
- 2.2. Lánið kemur til útborgunar í einu lagi eigi síðar en fimm bankadögum eftir að beiðni lántaka um útborgun lánsins berst lánveitanda skv. fyrirmynd í Viðauka II. Bankadagur í samningi þessum er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
- 2.3. Tilgangur láns þessa er fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið fjármögnun á framkvæmdum sveitarfélagsins og til endurfjármögnunar afborgana lána frá Lánasjóði sveitarfélaga. Lántaki ábyrgist gagnvart lánveitanda að svo sé og skuldbindur sig til að ráðstafa láninu til framangreinds verkefnis.

3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA

- 3.1. Lánið er endurgreitt með jöfnum afborgunum. Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með 30 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 20. ágúst 2024 og síðasta skipti 20. febrúar 2039. Lánið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í maí 2023 sem er 580,7 stig. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Greiðslustaður lánsins skal vera hjá lánveitanda.
- 3.2. Uppgreiðsla lánsins umfram umsamdar afborganir skv. gr. 3.1. er óheimil.
- 3.3. Komi til gjaldfellingar samnings þessa á grundvelli 9. gr. reiknast uppgreiðslugjald sem lántaka ber að greiða á gjalddaga eða gjaldfellingardegi. Uppgreiðslugjaldið skal samsvara þeim mismun sem er á vaxtastigi lánsins á uppgreiðsludegi og markaðsvöxtum sambærilegra nýrra lána hjá lánveitanda á uppgreiðsludegi miðað við uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins, núvirt frá uppgreiðsludegi til lokagjalddaga.

4. VEXTIR

- 4.1. Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru **3,30%** árlegir og eru fastir allan lánstímann. Vaxtadagareglan er 30/360.
- 4.2. Vextir skv. gr. 4.1. skulu greiddast á 6 mánaða fresti í fyrsta sinn þann 20. ágúst 2023 og þar til höfuðstóll lánsins er að fullu greiddur. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir.
- 4.3. Standi lántaki ekki skil á greiðslu á gjalddaga ber honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ber þá að greiða dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og

vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ef af einhverjum ástæðum vanskil hafa varað lengur en 12 mánuði skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól lánsins á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila í samræmi við ákvæði gildandi laga um vexti og verðtryggingu á hverjum tíma.

5. TRYGGINGAR – VEÐYFIRLÝSING

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði setur lántaki tekjur sínar að veði skv. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Komi til vanskila er lánveitanda heimilt að ganga að framangreindum tekjum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA

- 6.1. Lántaki greiðir kostnað vegna innheimtu lánsins, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og þess háttar kostnað sem kann að stofnast til vegna lánveitingarinnar.
- 6.2. Lántaki greiðir öll opinber gjöld og skatta sem lögð kunna að vera á samninginn, lánveitanda að skaðlausu.
- 6.3. Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur lántaki sig til þess að greiða lánveitanda auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem lánveitandi leggur út fyrir vegna vanefndanna, lögmannspóknun eða annars er lánveitanda ber að greiða, svo og annan kostnað vegna innheimtu lánsins.

7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN

Það er skilyrði fyrir útborgun lánsins samkvæmt samningi þessum að lántaki hafi afhent lánveitanda eftirtalin skjöl á því formi sem er fullnægjandi að mati lánveitanda:

- a) Staðfest afrit fundargerðar sveitarstjórnar lántaka þar sem samþykkt er veðsetning lántaka á tekjum hans vegna lántöku ásamt veitingu umboðs til undirritunar lánssamningsins, sbr. viðauka I við samning þennan sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- b) Mat á skuldbindingu samkvæmt 66. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, ef við á.
- c) Samþykkt lántaka, sbr. 9. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.
- d) Beiðni um útborgun láns, sbr. viðauki II við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- e) Önnur gögn og staðfestingar sem lánveitandi telur nauðsynlegt að liggja fyrir til að útborgun lánsins megi fara fram.

8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur lántaki sig til að:

- a) Hafa ávallt fullnægjandi tryggingar að mati lánveitanda vegna eigna.
- b) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, ársreikning sem endurskoðaður hefur verið af endurskoðanda.
- c) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka.
- d) Upplýsa lánveitanda þegar í stað ef upp koma þær aðstæður sem rætt er um í 9. gr. samnings þessa (Uppsögn samningsins – gjaldfellingarheimildir).
- e) Selja ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra án samþykkis lánveitanda. Í þessu sambandi telst sala á verulegum hluta eigna vera ef söluverð eða bókfært verð hinna seldu eigna nemur hærra hlutfalli en 25% af heildareignum lántaka skv. endurskoðuðum ársreikningi.
- f) Upplýsa lánveitanda um ef hann greiðir upp önnur lán eða greiðir inn á önnur lán umfram samningsskyldu sem nemur hærrí fjárhæð en því sem nemur 20% af tekjum lántaka fyrir síðastliðið almanaksár.
- g) Upplýsa lánveitanda ef hann gerir samkomulag við þriðja aðila um fjárhagsleg málefni hans, þ.m.t. við ráðherra á grundvelli 83. gr. sveitastjórnarlaga nr. 28/2011, ásamt því að senda afrit af viðkomandi samkomulagi og öllum tengdum skjölum til lánveitanda svo fljótt sem auðið er eftir að samkomulag liggur fyrir.

9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR

9.1. Við einhver eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja öllu láninu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar:

- a) Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað 60 daga eða lengur.
- b) Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánssamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
- c) Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- d) Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda og úr því er ekki bætt innan 30 daga frá tilkynningu lánveitanda þar að lútandi.
- e) Ef lántaki innir ekki af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess. Sama gildir ef lánveitanda er heimilt að

gjaldfella lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.

- f) Ef lántaki verður sannanlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
- g) Ef lántaki brýtur gegn einhverri skuldbindingu sinni skv. 8. gr. (Sérstakar skuldbindingar).
- h) Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánessamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.
- i) Ef sérstakar yfirlýsingar lántaka skv. 14. gr. samningsins reynast rangar.
- j) Ef ársreikningar eða árshlutareikningar lántaka eru með áritun um fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.

9.2. Ef láninu er sagt upp af hálfu lánveitanda getur lánveitandi gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum, þ.á.m. uppgreiðslugjaldi á grundvelli gr. 3.3. Ber lántaka að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfældri fjárhæð frá gjalddaga eða gjaldfellingardegi til greiðsludags sbr. gr. 6.3. og gr. 4.3.

10. TILKYNNINGAR

- 10.1. Allar beiðnir um breytingar á skilmálum lánessamningsins, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.
- 10.2. Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við lánessamninginn skulu vera skriflegar. Þær skulu sendar með sannanlegum hætti til þess að þær geti talist gildar gagnvart mótaðila. Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- og pósthfangi.
- 10.3 Lánveitanda er heimilt að senda tilkynningar til lántaka á tölvupósthfangið mos@mos.is sem teljast einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku. Lántaka er heimilt að senda tilkynningar til lánveitanda á tölvupósthfangið lanasjodur@lanasjodur.is sem telst einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku.

11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU

Með undirritun sinni á lánssamning þennan samþykkir lántaki með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að lánveitanda sé heimilt að miðla upplýsingum um lán þetta opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn lántaka, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.

12. FORCE MAJEURE

Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum lánveitanda vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa, hryðjuverka eða atriða sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að lánveitanda verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á lánessamningi þessum á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við gerð hans, getur lánveitandi að undangenginni tilkynningu til lántaka gjaldfellt eftirstöðvar lánsins með 60 daga fyrirvara. Lánveitandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem lántaki kann að verða fyrir í tengslum við slíka gjaldfellingu né nokkra aðra gjaldfellingu samkvæmt lánessamningi þessum.

13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM

Þó lánveitandi kjósi að hagnýta sér ekki strax, að fullu eða að hluta, þann rétt sem hann hefur samkvæmt lánessamningnum, takmarkar það ekki heimild hans eða möguleika til að hagnýta sér þann rétt síðar.

14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA

Lántaki lýsir því yfir við undirritun samnings þessa og á hverjum vaxtagjalddaga lánsins að:

- a) Lántaki hefur staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt lánessamningnum og uppfylla ákvæði hans og að lánessamningurinn sé því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti.
- b) Lánessamningurinn brýtur ekki í bága við nokkurn samning, sem lántaki er aðili að, eða nokkur lög eða reglur sem eiga við um lántaka.
- c) Lántaki hefur ekki vitneskju um neinn réttarágreining, sem veikt gæti fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánessamningsins.
- d) Ekkert af þeim tilvikum sem nefnd eru í 9. gr. (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir) séu til staðar.
- e) Lántaki hefur látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- f) Engar þær upplýsingar sem fram koma í lánessamningnum eða eru í tengslum við efni hans og lántaki hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.
- g) Lántaki sinnir verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og lánið verður nýtt til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

15. LÖG OG VARNARÞING

Um lánessamning þennan gilda íslensk lög. Rísi mál vegna lánessamnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Lánessamningur þessi er alls 10 síður að viðauka meðtöldum. Er hann gerður í tveimur samhljóða eintökum og fær lántaki og lánveitandi hvort sitt eintak.

16. ÖNNUR ÁKVÆÐI

Lánveitanda er heimilt að selja þriðja aðila aðild að lánsamningi þessum í heild eða hluta, eða framselja lánið til þriðja aðila án samráðs við eða með skriflegu samþykki lántaka. Lántaka er ekki heimilt að framselja nokkur réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt lánsamningi þessum, nema með fyrirfram skriflegu samþykki lánveitanda.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín undir í votta viðurvist. Sá sem undirritar f.h. lántaka staðfestir sérstaklega veðyfirlýsingu samkvæmt 5. gr. lánsamnings þessa með undirritun sinni f.h. lántaka.

Staður og dagsetning

f.h. lánveitanda,

Staður og dagsetning

f.h. lántaka,

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: _____

Kt: _____

Nafn: _____

Kt: _____

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: _____

Kt: _____

Nafn: _____

Kt: _____

Viðauki I

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Mosfellsbæjar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 500.000.000,- , með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins og endurfjármögnun afborgana eldri lána sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Regínu Ásvaldsdóttur, kt.xxxxxx-xxxx, bærarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mosfellsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

Regína Ásvaldsdóttur

Viðauki II



Dags.

Efni: Beiðni um útborgun láns.

Með vísan til 2. greinar lánasamnings nr. 2305_24 milli Mosfellsbæjar og Láнасjóðs sveitarfélaga, um lán að fjárhæð kr. 500.000.000,- verði greidd út með eftirgreindum hætti:

Greiðsludagur: 2. maí 2023

Viðtakandi greiðslu:

Reikningsnúmer:

Kennitala:

Undirrituð/undirritaður staðfestir að hafa heimild til að skuldbinda lántaka með undirritun sinni.

F.h. lántaka